



Öldungaráð

Reykjavík, 13. apríl 2026

VEL26040036

## Miðlun upplýsingaefnis til eldra fólks um ofbeldi og netsvik – samráð við öldungaráð

Velferðarsvið í samráði við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og mannréttindaskrifstofu er að skoða hvaða leiðir eru gagnlegar til miðla upplýsingum til eldra fólks um ofbeldi, þar á meðal stafrænt ofbeldi og netsvik.

Samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar hefur einn af hverjum sex einstaklingum eldri en 60 ára orðið fyrir einhvers konar ofbeldi, en talið er að einungis lítil hluti slíkra tilvika sé tilkynntur, meðal annars vegna skammar og ótta við afleiðingar. Eldra fólk er oft háð gerendunum, sem geta verið nánir aðstandendur. En einnig skortir aðgengilegar, skýrar og markvissar upplýsingar um hvar leita megi aðstoðar.

Mikilvægt er að tryggja að upplýsingar um heimilisofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi og annars konar misnotkun berist eldra fólki á aðgengilegan og skýran hátt. Tryggja þarf að eldra fólk þekki hættumerki, og leiðir til að forðast svik og ofbeldi, og viti hvert hægt er að leita ef grunur vaknar eða ef fólk býr við ofbeldi eða hefur orðið fyrir netsvikum. Ætlunin er að eiga samstarf við félag eldri borgara, og aðra aðila sem við á um gerð og dreifingu efnisins.

### Þær hugmyndir sem hafa komið fram eru eftirtaldar:

1. Seglar á ískápa með stuttum, hnitmiðuðum skilaboðum og helstu neyðarnúmerum

**Fjöldi:** 5000 stk

**Áætlaður kostnaður:** kr. 750.000kr eða 150 kr/stykkið.

2. Dagatöl (borðdagatal á fæti gormað, stærð A6) með einföldum ábendingum og viðvörðunum um algeng svikamynstur þarf að skilgreina markhóp.

**Fjöldi:** 500 stk.

**Áætlaður kostnaður:** 235.000 án vsk.

3. Nafnspjöld með helstu neyðarnúmerum og QR-kóða sem vísar á áreiðanlegar upplýsingar og/eða fræðsluvef

**Fjöldi:** 5000 stk.

**Áætlaður kostnaður:** kr. 200.000

4. Bæklingar (6 bls., stærð 10x21 cm) sem hægt er að dreifa á félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, sundlaugar og aðra staði sem eldra fólk sækir



**Fjöldi:** 500 stk.

**Áætlaður kostnaður:** 50.000 án vsk.

5. Plaköt (stærð A1) til að hengja upp á stöðum þar sem eldra fólk sækir þjónustu eða stundar félagsstarf.

**Fjöldi:** 50 stk.

**Áætlaður kostnaður:** kr. 90.000 án vsk.

Markmiðið með miðlun upplýsinga er að stuðla að auknu öryggi eldra fólks í Reykjavík og draga úr líkum á að það verði fyrir ofbeldi eða netsvikum

Óskað er því eftir að fram fari umræða á fundi mannréttindaráðs og samráð við fulltrúa öldungaráðs, um hvaða leiðir myndu henta til að miðla upplýsingum til eldra fólks um ofbeldi, þar á meðal stafrænt ofbeldi og netsvik.

Virðingarfyllt,  
Berglind Magnúsdóttir  
*Velferðarsvið*

